



Stjórn SSH 361. fundur

Mánudaginn 11. apríl 2011 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir formaður, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðmundur Rúnar Árnason, Pálmi Másson, Guðrún Pálsdóttir og Guðný Ívarsdóttir.

Dagur B. Eggertsson sat fundinn í stað borgarstjóra.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson sat fundinn undir 1. lið og Guðjón Bragason undir 1. og 2. dagskrárlið og Þorsteinn Hermannsson og Friðfinnur Skaftason undir 3. lið.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Þjónusta við fatlaða – yfirferð yfir starf samráðshóp SSH.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson formaður samráðshóps um þjónustu við fatlaða fór yfir verkefni og starf hópsins fram til þessa.

Fram kom í hans yfirferð að í meginatriðum hefur sú hlið verkefnisins sem snýr að notendum gengið vel. Ljóst að mörg þeirra sameiginlegu mála sem hafa verið til umfjöllunar hjá hópnum eru flókin. Reynslan til þessa sýnir að tiltekin vandamál hafa komið upp sem snúa að stöðu og umboð samráðshópsins, og skoða þurfi hvort fela þurfi hópnum tiltekið framkvæmdavald með formlegum hætti.

Umræður

Niðurstaða.

Framkvæmdastjóri skoðar fram komnar ábendingar um stöðu, umboð og framkvæmdavald með samráðshópnum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

2. Tónlistarskólar – staða í viðræðum við ríkisvaldið

Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir stöðu í samningaviðræðum við ríkisvaldið vegna kostnaðarskiptingar ríkis og sveitarfélaga v. tónlistarkennslu.

Umræður

3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - almenningssamgöngur.

Þorsteinn Hermannsson verkefnisstjóri hjá innanríkisráðuneyti kynnti tillögur starfshóps ráðuneytisins um grunnnet almenningssamgangna á suðvestursvæði og grunnnet hjólreiðastíga á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan felur m.a. í sér hugmyndir nýja skilgreiningu stofnleiða í almenningssamgöngum og aukin framlög ríkisins til almenningssamgangna vegna þessara stofnleiða með tilfærslu fjármuna og frestun á verklegum framkvæmdum í vegakerfi á svæðinu. Kallað verður eftir afstöðu sveitarfélaganna til þessara tillagna.

Umræður



Niðurstaða:

Stjórn telur eðlilegt að fjallað verði um tillögurnar á vettvangi Framtíðarhóps SSH þegar þær koma fram með formlegum hætti

Guðmundur Rúnar Árnason vék af fundi kl. 13:30

4. Strætó bs. og málefni Álfтанess

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra með greinargerð og samantekt á tillögum sem mótuðust á fundi með fulltrúum Strætó bs. og Álfтанess í framhaldi af bókun og afgreiðslu stjórnar á síðasta fundi.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að unnið verði áfram við skoðun og útfærslu á tillögum skv. lið c) og d) í minnisblaði framkvæmdastjóra og málið verði síðan tekið aftur til umfjöllunar í stjórn þegar niðurstaða þeirra vinnu liggur fyrir.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 13:45

5. SSH – Framtíðarhópur – staða

Formaður SSH þakkaði framkvæmdastjóra allan undirbúning með vel heppnaða „Hugmyndasmiðju“ 2. apríl sl. Ákveðið að fresta umræðum um næstu skref til næsta fundar.

6. Skógræktarfélag Íslands

Fyrir lágu drög að samningi milli Skógræktarfélags Íslands og SSH f.h aðildarsveitarfélaganna vegna undirbúnings, mótunar og framkvæmda við gerð Græna stígsins. Jafnframt lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins

Umræður

Niðurstaða.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05